

Deildarfundur Vorstehdeildar 1.2.2017 í húsnæði HRFÍ

Fundurinn var og átti að vera frjálsgur, þannig að þessi texti er það líka 😊

Stjórn byrjaði á að fara lauslega yfir það sem er á dagskrá , eins og til dæmis næstu hundasýningu HRFÍ þar sem Vorstehdeild á meðal annars að koma að uppsetningu og frágangi.

Talað var um prófin, þ.e. vorprófið sem felld var niður og haustprófið, þar er vinna í gangi að fá flotta dómara og fl.

Orðið varð svo laust og spunnust umræður um félagstarf deildarinnar og hvernig væri hægt að virkja fleiri til að vera með. Hvaða viðburði væri hægt að vera með. Samstaf við aðrar deildir, og fl.

Einnig voru dómaramál, veiðiprófareglur, siðareglur dómara og fleira rætt.

Augljós var vilji flestra við að hætta að horfa í baksýinspegilinn og fara að horfa fram á veginn og gera veiðihundasportið “ great again “ 😊

Einnig fréttist af nýjum hundum á leið til landsins og fleiri plönnum um innflutning, við gleðjumst að sjálfsögðu yfir því.

Spjall, þar sem klukkan varð allt í einu of margt og allir fóru sáttir heim.

Eitt af umræðuefnunum var að hafa fleiri svona félagsfundi þar sem menn gætu hittst og spjallað og blásið. Líklega verður næsti fundur strax eftir vorprófin.

Tekið var vel í það ... þannig að þangað til fljótlega aftur ....

Fyrir hönd stjórnar

Guðm. P.